



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 126/1390*  
*komudagur 13. 3. 2001*

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 09.03.2001  
Tilv. 21.9.1/LAX  
JS/gp

## Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði (126. löggjafarþing 2000/2001, þskj. 639 - 389. mál)


Vísað er í erindi Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 16. febrúar 2001 þar sem óskað er umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp.

Hafrannsóknastofnunin fagnar framkomnum nýmælum í frumvarpi þessu sem lúta annars vegar að auknu aðhaldi og skýrari takmörkunum á útgáfu rekstrarleyfis og eftirliti með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum en nú er, þ.e.a.s. þegar um er að ræða lax- og silungselði. Hins vegar um aðkomu fleiri umsagnaraðila við undirbúning og útgáfu rekstrarleyfis, þ.e. með stofnun fiskeldisnefndar. Hvorutveggja er til bóta þegar fyrir liggja umfangsmiklar áætlanir um eldi í fjörðum landsins. Mikilvægt er að mótuð verði heildarstefna um skipulag nýtingar fjarða í þessu skyni, bæði m.t.t. laxeldis og eldis annarra tegunda í sjó.

Með skipan eldisnefndar er aðkoma bæði sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar tryggð með óbeinum hætti, og er það eðlileg nýbreytni. Þetta frumvarp til laga undirstrikar með skýrum hætti, ásamt frumvarpi til laga um eldi nytjastofna sjávar (361. mál), að landbúnaðarráðherra fer með eldismál á laxi, silungi og ál, meðan sjávarútvegsráðherra fer með eldi nytjastofna sjávar. Að slíkt liggi fyrir í lögum kemur í veg fyrir óvissu og ómarkvissa stjórn og skýrir jafnframt stöðu undirstofnana ráðuneytanna sem fara með þessi mál.

Í ljósi þess að eldi í sjó getur haft veruleg áhrif á lífríki sjávar, einkum stórtækt kvíaelði inni í fjörðum þar sem straumar eru litlir og dreifing úrgangsefna ófullnægjandi, væri e.t.v. ekki óeðlilegt að Hafrannsóknastofnunin kæmi, vegna starfssviðs síns, að málum sem sjálfstæður umsagnaraðili líkt og á við um veiðimálastjóra (sem einnig á fulltrúa í fiskeldisnefnd) og Veiðimálastofnun.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

  
Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
552-0240  
Póstfax:  
562-3790

Heimasíða:  
<http://www.hafro.is/>  
[hafro/sjalf.html](http://hafro/sjalf.html)

Tölvupóstfang:  
[librarian@hafro.is](mailto:librarian@hafro.is)